

REGLUR LYKILS
FJÁRMÖGNUNAR HF.

STARFSREGLUR ÁHÆTTUNEFNDAR
STJÓRNAR



Efnisyfirlit

1. Markmið	1
2. Skipan nefndar	1
3. Heimildir	1
4. Fundir	1
5. Hlutverk	2
6. Trúnaður.....	3
7. Annað	3

1. Markmið

Markmið áhættunefndar stjórnar Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) er að stuðla að skilvirkri áhættumenningu félagsins með því að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja. Nefndin starfar samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum en hún er undirnefnd stjórnar og er skipuð af henni í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

2. Skipan nefndar

Stjórn Lykils ber ábyrgð á skipun áhættunefndar og skal hún skipuð innan mánaðar frá aðalfundi. Nefndin veitir stjórn upplýsingar um störf sín með hliðsjón af hlutverki sínu og reglum þessum, eftir því sem við á. Nefndin skal skipuð þremur aðilum, þar af tveimur stjórnarmönnum félagsins hið minnsta.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skulu þeir búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Starfsmönnum Lykils er óheimilt að eiga sæti í nefndinni.

3. Heimildir

Áhættunefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar og sem nefndin telur sig þurfa til starfa sinna. Áhættunefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og þeim starfsmönnum félagsins sem hafa fengið það hlutverk að aðstoða nefndina í verkefnum hennar.

Áhættunefnd hefur heimildir og fjárhagslegt svigrúm til að leita sér ráðgjafar eins og hún telur nauðsynlegt til að geta uppfyllt þessar skyldur.

Starfsmenn félagsins skulu hafa óheftan aðgang að áhættunefnd, m.a. til að tilkynna grun um verulega áhættu eða óreiðu hjá félaginu.

4. Fundir

Formaður skal boða til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annarra nefndarmanna en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Fundir nefndarinnar geta farið fram í gegnum síma eða öðrum fjarfundabúnaði sé það nauðsynlegt. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Formaður nefndarinnar leggur fram starfsáætlun í uppafi starfsárs þar sem fram koma áætlaðir fundir næsta starfsárs og fundarefni.

Forstöðumaður áhættustýringar skal, í samvinnu við formann áhættunefndar, undirbúa dagskrá funda sem ásamt fundargögnum skal vera aðgengileg nefndarmönnum a.m.k. tveimur dögum fyrir fund. Forstöðumaður áhættustýringar skal að jafnaði taka þátt í fundum áhættunefndar.

Nefndin skal halda fundargerðabók og skulu fundargerðir og fundargögn vera aðgengileg stjórnarmönnum tímanlega fyrir næsta stjórnarfund á eftir fundi Áhættunefndar. Nefndin skal jafnframt skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins að minnsta kosti einu sinni á ári.

5. Hlutverk

Áhættunefnd skal starfa sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins og stjórnenda í tengslum við skýrslugjöf þeirra og málefni sem tengjast áhættustýringu. Áhættunefnd skal jafnframt sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins er snýr að áhættustefnu, áhættumeningu og umgjörð áhættustýringar almennt.

Hlutverk áhættunefndar eru eftirfarandi:

Áhættustefna og áhættumening

1. Að vera ráðgefi fyrir stjórn um breytingar á Áhættustefnu og yfirlýsingu um áhættuvilja, m.a. vegna breytinga á viðskiptalíkani félagsins og þróunar á markaði.
2. Yfirfara árlega stefnuskjöl félagsins sem fjalla um áhættu og áhættustýringu, yfirfara tillögur að breytingum á stefnuskjöllum og leggja til samþykktar fyrir stjórn. Sérstaklega litið til þess að þau fjalli á fullnægjandi hátt um alla lykiláhættuþætti í starfsemi félagsins.
3. Yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi endurbótaáætlun og viðbúnaðaráætlun vegna lausafjármála.
4. Að fara reglulega yfir áhættusnið félagsins samanborið við áhættuvilja þess.

Umgjörð áhættustýringar

1. Leggja árlega mat á umgjörð, virkni og ferla áhættueftirlits og áhættustjórnunar innan félagsins í tengslum við mikilvæga áhættuþætti.
2. Yfirfara tillögur til samþykktar fyrir stjórn varðandi umgjörð og niðurstöður innra mats á eignfjárbörf (ICAAP) og innra mats á lausafjárbörf (ILAAP) ásamt skýrslu félagsins til Fjármálaeftirlitsins um niðurstöður þessa mats.
3. Leggja mat á umgjörð álagsprófa, þ.m.t. forsendur og niðurstöður stærri álagsprófa á eigið fé og laust fé. Eftir því sem tilefni er til skal nefndin leggja fram tillögur að samþykkt stjórnar um úrbætur á umgjörð álagsprófa eða aðgerðir í tilefni af niðurstöðum þeirra.
4. Leggja mat á, í samvinnu við forstöðumann áhættustýringar, sjálfstæði, heimildir og störf áhættustýringar og hvort hún hafi nægjanlegar fjárveitingar til að sinna hlutverki sínu.
5. Fylgjast með, og eftir atvikum, gera tillögur um stefnumótun vegna eiginfjár- og lausafjárstýringar auk stýringar annarra áhættuþátta.
6. Fylgjast með fjármögnun og lausafjárstýringu félagsins og að viðmiðum félagsins í þessu efni sé fylgt.
7. Að yfirfara niðurstöður rekstraráhættumats og fylgjast með skilvirkni á innri gæða- og áhættustýringarkerfum.
8. Að yfirfara hvort kjör sem boðin eru viðskiptavinum taki mið af áhættustefnu félagsins. Ef kjör endurspeglar ekki áhættuna samkvæmt áhættustefnu skal áhættunefnd leggja fram úrbótaáætlun til stjórnar.

Samstarf og upplýsingagjöf

1. Að upplýsa og eiga samstarf við endurskoðunarnefnd um málefni áhættustýringar, innra eftirlits og regluvörslu sem varða hlutverk eða skyldur endurskoðunarnefndar.
2. Áhættunefnd skal yfirfara skýrslu forstöðumanns áhættustýringar um framkvæmd áhættustýringar sem lögð er fyrir nefndina eigi sjaldnar en árlega. Þá skal Fjármálanefnd og Gæða- og öryggisnefnd árlega gefa nefndinni skýrslu um störf sín.
3. Að yfirfara skýrslur regluvörslu og innri endurskoðanda.

Önnur mál

1. Áhættunefnd skal kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu félagsins, þar á meðal breytilegum starfskjörum, samræmist áhættustefnu Lykils. Starfskjaranefnd skulu kynntar niðurstöðurnar.
2. Nefndin getur annast nánari athugun á einstökum atriðum í rekstri félagsins að eigin frumkvæði eða samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sem varða hlutverk eða skyldur nefndarinnar.

6. Trúnaður

Nefndarmenn í áhættunefnd eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um og varða málefni félagsins eða varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna þess. Þagnarskyldan helst þótt nefndarstarfi viðkomandi einstaklings ljúki.

7. Annað

Áhættunefnd skal eftir þörfum meta skilvirkni nefndarinnar og yfirfara starfsreglur nefndarinnar þó að lágmarki annað hvert ár. Nefndin leggur til við stjórn viðeigandi breytingar á verkefnum og hlutverki nefndarinnar.

Stjórnendur geta óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða félagið.

Reykjavík, 28. maí 2020

Stjórn Lykils fjármögnunar hf.


Heiga Kristín Ketilsdóttir
Aðstoðarstjóri
Krispín Frjáls
